

Reykjavík 13.8.2020

Samband íslenskra framhaldsskólanema, SÍF, lýsir yfir vonbrigðum með að stjórnvöld hafi ekki birt skýra aðgerðaráætlun um hvernig kennslu í framhaldsskólum skuli háttað, nú þegar haustönn er um það bil að hefjast. Nemendur hafa leitað upplýsinga hjá sínum skólum en fátt er um svör sem veldur þeim bæði vanlíðan og kvíða. Það er sannarlega ekki á stöðuna bætandi þegar nýjustu fréttir herma að bið eftir sálfræðitíma á heilsugæslunni er allt að þrjú mánuðir, tæplega ein skólaönn.

Þá hafa stjórnvöld ekki haft nokkurt samráð við fulltrúa nemenda þegar kemur að ákvarðanatöku, hvorki í vor né nú, varðandi fjarnám, eins metra regluna, fyrirkomulag kennslu né nokkuð annað.

Það sýndi sig í vor að þrátt fyrir að flestir kennarar gerðu sitt besta til að bregðast við erfiðum aðstæðum þá hafi fjarkennslu í einhverjum skólum verið ábótavant og aðgengi nemenda að kennurum afar misjafnt. Þá voru í einhverjum tilfellum gerðar auknar kröfur til nemenda í lokaprófum, sem öll voru tekin á netinu, með þeim rökum að nemendur gætu kíkt í bækurnar. Það láðist hinsvegar að taka inn í myndina að margir höfðu haft mjög skertan aðgang að kennurunum sínum síðustu sex vikurnar fyrir próf. Það er kannski ekki svo skrítíð að hlutirnir hafi verið með ýmsum hætti enda fyrirvarinn enginn og allir gerðu sitt besta í þeim aðstæðum.

Annað gildir hinsvegar um stöðuna nú, þegar vitað var að allar líkur væru á að veiran skæða myndi skjóta upp kollinum aftur. Kalla nemendur því eftir aðgerðaráætlunum A, B og C frá stjórnvöldum þegar í stað sem skólastjórnendur og kennarar geta stuðst við, hvort sem kennt verður í skólabyggingum eða fjarkennslu. Þá vill SÍF sjá að nemendum verði leyft að velja hvort þeir mæti í tíma eða séu í fjarfundarbúnaði því þótt einhverjir fagni því að skólar haldist opnir með eins metra reglunni, að minnsta kosti enn um sinn, þá eru aðrir nemendur sem óttast smit í fjölmenni og mun því ekki mæta í skólann á meðan ástandið varir. Hættan er jafnvel sú að þeir muni aldrei mæta aftur. Nýjar tölur Hagstofunnar sýna er meira en tíunda hvert 19 ára ungmenni er hvorki í skóla né í vinnu og telur SÍF að það hljóti að vera markmið stjórnvalda að lækka þá tölu með öllum ráðum og dáðum.

SÍF leggur áherslu á mikilvægi þess að skoðað verði vandlega með hvaða hætti stjórnvöld og skólakerfið brugðust við í vor og bera það saman við bæði einkunnir nemenda og brottfallstölur. Ekki þarf að finna upp hjólið í hvert sinn sem Covid tilfellum fjölga.

Þá má leiða líkum að því að ákveðinn hópur framhaldsskólanema skili sér ekki aftur í skólana í haust vegna fjárhagsörðugleika eftir litla vinnu í sumar og þegar hvorki er í boði að taka námslán né fá atvinnuleysisbætur.

SÍF telur brýnt að sett verði aukið fjármagn í framhaldsskólastigið til að:

- tryggja að fjarkennsla verði eins og best verður á kosið og hægt verði að bjóða nemendum uppá val um skólasókn eða fjarkennslu.
- tryggja að iðn- og verknemar geti haldið áfram sínu námi námi og boðið verði upp á nýja möguleika fyrir þá sem misst hafa starfssamninga.
- mæta þörfum nemenda í minnihlutahópum, svo sem nemenda af erlendum uppruna, nemenda með fatlanir og nemenda með sértæka námsörðugleika.
- efla sálfræðiþjónustu innan framhaldsskólanna til muna.

- veita útskriftarnemum aukinn stuðning á lokametrunum.
- taka vel á móti nýnemum í nýju umhverfi á erfiðum tímum.
- tryggja að hver og einn framhaldsskóli sé undir það búinn að færa kennslu alfarið yfir í fjarnám með stuttum fyrirvara, komi upp aðstæður sem krefjast þess.
- rjúfa félagslega einangrun nemenda.

SÍF gerir þær kröfur fyrir hönd framhaldsskólanema landsins að stjórnvöld séu með sýnilega áætlun, ekki bara miðað við núverandi aðstæður, heldur einnig breyttar aðstæður, allskonar aðstæður, því Covid 19 er allskonar. Það er engin áætlun að treysta bara á að allir geri sitt besta til að hlýða Víði.